

Listaháskóli Íslands
Tónlistardeild
Almennar tónsmíðar

Gnōsis

Tónsmíðar og dulspeki

Árni Bergur Zoëga
Leiðbeinandi: Atli Ingólfsson
Vorönn 2014

Útdráttur

Í þessari ritgerð eru möguleikar á notkun nútíma vestrænna dulspekiaðferða innan tónsmíðaferlisins rannsakaðir. Ákveðin hugtök og meginhugmyndir nútíma dulspeki og hvernig þær tengjast tónlistinni verða kynntar, ásamt því aðgreint verði frá hugmyndumhöfundarvarðandi nauðsyn endurvakningar ákveðinna heimspeki -og fagurfræðilegra gilda sem má að mörgu leiti líkja við hugarheim Rómantíkskra listamanna 19. aldar og er að mestu ríkjandi í lifnaðarhætti dulspekinga á 21. öld.

Fram koma sýnidæmi þar sem umræddar hugmyndir og aðferðir eru notaðar í:

- a) skipulagningu og framkvæmd róttæks tónleikaverkefnis
- b) tónsmíðum

Í ítarefni ritgerðarinnar má meðal annars finna sýnidæmi úr tónsmíða-dulspekiriti í vinnslu, ásamt lista yfir nokkur mikilvæg bókverk innan nútíma dulspeki sem koma efni ritgerðarinnar við.

EFNISYFIRLIT

Tónlist og dulspeki	4
Tengsl við Rómantík - heimspeki og fagurfræði	7
Tónsmíðar og dulspeki	10
Giacinto Scelsi	12
Tónlist, tungumál og hið innra samtal	15
Nekyia/Ophiuchus	17
Tónleikaformið	19
Tónleikaformið - dæmi tekið fyrir	20
Sacred Songs	27
Tónsmíðar - dæmi tekin fyrir	28
Heimildaskrá	31
Ítarefni	32
Tónsmíða-galdrarit í vinnslu	33
Frekari lesning	39

Tónlist og dulspeki

Tónlist hefur, allt frá elstu þekktu heimildum, verið samtvinnuð andlegri (e. spiritual) iðkun. Svo áhrifarík þótti hún að fjölmargar goðsagnir og dulrænar frásagnir vitnuðu í uppákomur þar sem tónlistarmaðurinn, með tónlist sem sitt eina tól, gat látið grjóthnullunga svífa langar leiðir, dáleitt dýr og menn, og kallað guðina niður til jarðar.¹ Flest eru þetta sögusagnir sem endurtaka sig enn þann daginn í dag í fjölbreyttum trúar -og dulspekiritum út um allan heim. Dáleiðingar (e. hypnosis/hexing) eru enn stundaðar innan ýmissa galdrahefða (e. witchcraft traditions) sem aðferð til að hafa áhrif á hug og undirmeðvitund fólks.² Sumir virðast hafa fæðst með þann hæfileika að geta haft áhrif á og beinlínis stjórnað öðrum manneskjum einfaldlega með nærveru sinni, á meðan aðrir geta skilað svipuðum niðurstöðum með hjálpartækjum eins og tónlist eða annarri list.

Tónlistarmenn hafa í gegnum tíðina getað haft afar mikil áhrif á áheyrendur sína, og ekki síður á 20. og 21. öld. Við þekkjum eflaust öll sögur um Elvis -og Bítlæðið mikla, uppreisn og menningarbyltingar rokksins og jazzsins, o.s.frv. Líkt og sjónauki undir sólarljósi kann tónlist að þjappa og magna upp þá tilfinningalegu og andlegu orku sem hún túlkar og varpa henni til áheyrandans. Misjafnt er þó hversu vel efniviðurinn brennur (þ.e.a.s. hversu móttækur hlustandinn er fyrir efninu), en það getur farið eftir ýmsu, t.d: reynslu, skapgerð, andlegu ástandi, o.s.frv.

Að „kalla guðina niður til jarðar“³ má tengja við ákveðnar dulspekiaðferðir sem nefnast „invocation“ og „evocation“. „Invocation“ (að kalla inn) snýst um að kalla akveðinn guð/anda/arketýpu inn í sig til að öðlast eiginleika, visku og innsæi þess fyrirbæris.⁴ „Evocation“ (að kalla fram) hefur það að markmiði að kalla umræddan guð eða anda til þín, en þó ekki inn í þig. Andinn (e. spirit/angel/demon/goddess/god) er svo e.t.v. beðinn um að sinna ákveðnu verkefni, hvort sem það tengist hversdagslífinu eða sálrænni framþróun

¹ Joscelyn Godwin, *Harmonies of Heaven and Earth: Mysticism in Music from Antiquity to the Avant-garde* (Rochester, VT: Inner Traditions International, 1995), 2–5.

² Paul Huson, *Mastering Witchcraft: a Practical Guide for Witches, Warlocks & Covens* (New York: Berkley Publishing Group, 1980).

³ Godwin, *Harmonies of Heaven and Earth*, 2–5.

⁴ Margar aðferðir eru til við þetta, en aðalatriðið telst helst vera að galdramanninum (e. magician/shaman) takist að tengjast guðmyndinni (e. godform) eins mikið og djúpstætt og mögulegt er. Galdramaðurinn hugleiðir goðsögnir, tákn (e. sigils/symbols), birtingamyndir og eiginleika guðmyndarinnar. Hann/hún skreytir hof sitt (e. temple/temple room, etc.), og jafnvel almennt heimili sitt, með stytum, list, jurtum og hlutum sem tengjast guðmyndinni og biður/kallar reglulega guðmyndina til sín (e. pray/invoke) með ákveðnum þulum, bænum og hugleiðslum.⁵

⁵ Peter J. Carroll, *Liber Null & Psychonaut* (York Beach, Me: S. Weiser, 1987), 41–44.

galdramannsins (e. magician), eða jafnvel beðinn um að svara ákveðnum spurningum sem væri hugsanlega ekki hægt að fá svar við á „venjulegan“ máta.⁶

„Evocation“ fylgir oftast mikil undirbúningsvinna fyrir flókna athöfn eða röð athafna (e. ritual) sem hafa það að markmiði að komast í beint samband við tiltekin handanöfl.⁷ Undirbúningsvinnan fyrir slíka athöfn getur verið mjög svipuð og „invocation“, þ.e.a.s. tenging við fyrirbærið mynduð, galdramaðurinn setur sig djúpt inn í ákveðið hlutverk, heimsmynd hans/hennar mótuð eftir þörfum/heimsmynd athafnarinnar, osfrv. Athöfnin fer oft fram á ákveðnum vikudegi, eða eftir því hvort það sé fullt eða nýtt tungl. Þegar komið er að athöfninni er myndaður svokallaður galdrahringur (e. magical circle) í hofinu eða svæðinu þar sem athöfnin fer fram. Hringurinn er afmarkaður með táknrænum hreyfingum og styrktur með ímyndunarafli og viljastyrk galdramannsins, en tilgangur hringins er aðallega myndun heilags svæðis (e. sacred space) þar sem hverskyns orka fer hvorki inn né út á meðan hringurinn helst óbrotinn. Svæðið innan hringins er hreinsað og hlaðið (e. charged) með hjálp frá frumöflum fjórum: loft, eldur, vatn og jörð.⁸

Dulspekingar telja að þegar unnið er markvisst með þessi frumöfl til lengri tíma sé hægt að öðlast djúpan skilning á þessum meginöflum náttúrunnar og hvernig þau tengjast sálarlífi okkar. Með því að tengjast duldem öflum náttúrunnartelur galdramaðurinn að han/hún losi um þrælmikla orku sem hefur lengi legið bæld í djúpum undirmeðvitundar - en margir telja að vestrænt samfélag hafi í langa tíð skorið sig frá þessum allmikilvæga hluta tilverunnar.

Svissneski sálfræðingurinn Carl Gustav Jung (1875-1961) hafði gríðarmikinn áhuga á ýmiskonar trúarlegum og dulspekilegum eignum seinni hluta ævi sinnar. Hann var meðvitaður um þau miklu og raunverulegu gildi og áhrif goðsagna og ýmiskonar handanafla á undirmeðvitund og almennt sálarlíf okkar. Jung skrifar um arketypur bældu hliðar nútíma mannsins í inngangi sínum að bókinni *Man and His Symbols*:

Þau [sálfræðilegar og andlegar tákmyndir] eru mikilvæg byggingarefni í heildarmynd sálfræði okkar og nauðsynleg öfl í uppbyggingu mannlegs samfélags; og þeim getur ekki verið útrýmt án mikils missis. Þegar þau eru bæld niður og hunsuð hverfur sérstæða orka þeirra niður í undirmeðvitundina með óviðunandi afleiðingum. Sú andlega orka sem virðist hafa horfið á þennan hátt endurlífgar og magnar upp það sem er næst yfirborðinu í undirmeðvitundinni - meðal annars tilhneigingar sem hafa hingað

⁶ Ibid., 36–40.

⁷ Miklar og nákvæmar hefðir og aðferðir „evocation“ hafa verið til í þúsundir ára, en fornar athafnir sem finna má í fornum galdraritum eru ennþá í mikilli notkun innan galdrasamfélagsins í dag, en þó oftast í bland við nýrri hugmyndir.

⁸ Þessi frumöfl (e. elements) eru tengd við fjórar áttir áttavítans, eða: loft - austur, eldur - suður, vatn - vestur, jörð - norður.

til ekki fengið tækifæri til að tjá sig eða sem hafa alla vegna ekki fengið frjálstan aðgang að meðvitund okkar. Slíkar tilhneigingar mynda „skugga“ í meðvitund okkar sem er ávallt viðvarandi og getur verið skaðlegur. Jafnvel tilhneigingar sem gætu undir ákveðnum kringumstæðum haft jákvæð áhrif eru umbreyttar í djöfla þegar þær eru bæddar niður. Þetta er ástæðan fyrir því að svo margt vel meinandi fólk er skiljanlega hrætt við undirmeðvitundina, og þar af leiðandi við sálfræði.⁹

Hann taldi að nútíma vestrænt samfélag bældi niður og afneitaði „hinu innra mannlífi“ og varaði við neikvæðum afleiðingum þess, en tekur sem dæmi þau miklu stríð og ógurlegu grimmd sem virtist yfirtaka öll heimshorn á tímum seinni heimstyrjaldar:

Nútímamaðurinn skilur ekki hversu mikið „rökhyggja“ hans (sem hefur eyðilagt hæfileika hans að bregðast við andlegum (e. numinous) táknum og hugmyndum) hefur lagt meðvitund hans í hendur hinna „andlegu undirheima“. Hann hefur frelsað sig frá „hjátrú“ (eða það heldur hann), en í leiðinni hefur hann misst andlegu gildi sín upp að hættulegu marki. Siðferðislegu og andlegu hefðir hans hafa leysts upp og nú er hann að gjalda fyrir þessi slit með örvinglan og firlingu um allan heim.¹⁰

Í nýlegri bók sinni *Apocalyptic Witchcraft* skrifar Bretinn Peter Grey um þetta vandamál.¹¹ Titillinn á bókinni er vísvitandi ógnvekjandi og vísar í nauðsyn uppvakningar galdrasiða á þessum tímum þar sem jörðin virðist vera að syngja sitt síðasta. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að fólk græði hið mikla sár sem aðskilur nútímamanninn frá náttúrunni, ríku andlegu lífi og heimi drauma og listar - allt þetta sem hann tengir við „Gyðjuna“. Hann segir frá því hvernig vestrænt samfélag hefur grafið sig frá kvenorkunni, og bælt hana niður.¹² Þetta

⁹ „They [psychological and spiritual symbols] are important constituents of our mental makeup and vital forces in the building up of human society; and they cannot be eradicated without serious loss. Where they are repressed or neglected, their specific energy disappears into the unconscious with unacceptable consequences. The psychic energy that appears to have been lost in this way in fact serves to revive and intensify whatever is uppermost in the unconscious – tendencies, perhaps, that have hitherto had no chance to express themselves or at least have not been allowed an uninhibited existence in our consciousness. Such tendencies form an ever present and potentially destructive “shadow” to our conscious mind. Even tendencies that might in some circumstances be able to exert a beneficial influence are transformed into demons when they are repressed. This is why so many well-meaning people are understandably afraid of the unconscious, and incidentally of psychology.“

Carl Gustav Jung, *Man and His Symbols* (Random House Publishing Group, 2012), 83–84.

¹⁰ „Modern man does not understand how much his “rationalism” (which has destroyed his capability to respond to numinous symbols and ideas) has put him at the mercy of the psychic “underworld”. He has freed himself from “superstition” (or so he believes), but in the process he has lost his spiritual values to a positively dangerous degree. His moral and spiritual tradition has disintegrated, and he is now paying the price for this break-up in the worldwide disorientation and dissociation.“

Ibid.

¹¹ Peter Grey, *Apocalyptic Witchcraft* (London: Scarlet Imprint, 2013).

¹² Með „jungískum“ hugtökum má t.d. segja að nornaveiðar miðalda hafa í raun verið ómeðvituð barátta karllægs samfélags við eigin kven-arketýpu, eða Anima. Anima myndar afar stóran hluta alls táknaens, andlegs og sálraens efnis í mannlegri meðvitund (e. consciousness), rétt eins og Animus, eða karl-arketýpan, sem sinnir einnig mikilvægu hlutverki í sálfræði bæði kvenna og karla.

útskýrir hræðslu og fávísku hins vestræna heims gagnvart hverskyns tákmyndum „kukls“, dauða og myrkurs, en þessi fyrirbæri hafa ávallt leikið afar stórt hlutverk í lífi manna frá elstu fornmenningum jarðar.¹³

Mikilvægt er að átta sig á því að mörg þessara fyrirbæra er ekki hægt að skilja eða ná tengslum við með rök -og efahyggju að sínu eina tóli. Þau byggja tilvist sína á allt öðru stigi upplifunar. Frá sjónarhorni dulspekinnar er þetta hlið veruleikans sem listamaðurinn þrífst í og ætti að þekkja í þaula.

Í vestrænu samfélagi hefur tónlist (og önnur list) spilað afar mismunandi hlutverk í gegnum söguna. Frá tímum miðalda (500-1500) í Evrópu var gríðarleg áhersla á trúarlega tónlist og ekki mikið mark tekið á „veraldlegri tónlist“. Seinna meir fór þó hin veraldlega tónlist að verða sífellt meira áberandi, þá sérstaklega á tímum barokksins (1600-1750) og seinna þar sem tónlistin tók meira og meira á sig mynd almenns skemmtanaforms. Líklega var ekki fyrr en á rómantíska tímabilinu (1800-1900) sem tónlistin fór að hafa dulrænni og jafnvel andlegri stöðu á ný. Þessi staða var hinsvegar að mörgu leyti frábrugðin miðaldar kirkjutónlist.

Tengsl við Rómantík - heimspeki og fagurfræði

Listamenn og skáld rómantíska tímabilsins voru meðvituð um þær neikvæðu breytingar sem iðnbylting þess tíma hafði í för með sér. Náttúruspilling, þrælkun og græðgi virtist ætla að taka yfir heiminn. Þeir sóttu innlifun og tilgang í goðafræði og þjóðsögur sinnar menningar og reyndu markvisst að dýpka samband sitt við náttúruna og leyndardóma hennar. Þeir sáu tónlistarupplifunina, og ekki síður sköpunarferlið, sem heilagt fyrirbæri, og rannsökuðu möguleika þess í samræmi við heimspeki, trúar -og fagurfræðilegu hugmyndir þess tíma.

Afstaða rómantískra tónskálda til tónlistarinnar og sköpunarferli hennar var nánast trúarleg, og mörg helstu skáld þess tíma fundu gríðarlegan tilgang í upphafningu tónlistar sem var ekki bara dauð form, reglur og tónbil heldur lifandi saga - goðsögn, eða e.t.v. andi. Fyrir þeim var ekki nóg að eyða lífi sínu í hringrás hversdagsleikans. Þeir fundu fyrir yfirþyrmandi köllun í að svífa um himinhvolfin í ævintýrlegu algleymi (e. ecstasy) í heljargreipum (e. possession) listarinnar.

¹³ Susan Greenwood and Susan Greenwood, *The Illustrated History of Magic & Witchcraft: a Study of Pagan Belief and Practice Around the World, from the First Shamans to Modern Witches and Wizards, in 530 Evocative Images* (Wigston, Leicestershire: Lorenz Books, 2011), 9.

Þessum hugsunarhætti er lýst vel í skrifum rómantíska rithöfundins W.H. Wackenroders (1773-1798). Wackenroder var einn af fyrstu þýsku rómantísku höfundunum. Í bókinni *Source Readings in Music History* skrifar Oliver Strunk um Wackenroder:

Wackenroder stundaði það með rómantískri innlifun (e. fervor) að rannsaka leyndardóma tónlistarinnar og með skrifum sínum lagði hann áherslu á náið samband trúarlegrar tillfinningar og listrænnar sköpunar.¹⁴

Skáldsaga Wackenroders um tónlistarmanninn Joseph Berglinger er gott dæmi um þennan hugsunarhátt.

Joseph Berglinger ólst upp á litlum sveitabæ með föður sínum og systur. Faðir hans var læknir og taldi tónlist vera tilgangslausa tímaeyðslu. Systur hans eyddu mestum sínum tíma í rifrildi yfir kjólum og öðrum veraldlegum munum. Joseph leiddist afar mikið í þessu umhverfi, en hann hafði frá ungum aldri fundið fyrir ákaflegri köllun í að upplifa eitthvað merkilegra og stórfenglegra en þann gráa og tilgangslausa hversdagsleika sem hann sá í kring um sig. Í ferð til nálægrar borgar upplifði hann mikilfengleika tónlistar og varð hugfanginn af henni samstundis. Hann lýsir upplifun sinni sem háfleygri andlegri reynslu (e. spiritual experience) þar sem hann sveif utan líkama á vængjum hamingjunnar og sá alla himins engla blása í lúðra sína í ástkærum fögnuði.¹⁵ Hann vissi þar og þá að hann yrði að gerast tónskáld. Lýsing höfundarins á tónlistarupplifuninni minnir helst á lýsingar í trúarlegum ritum:

Svo mikið er víst - þegar tónlistin kláraðist og hann yfirgaf kirkjuna fannst honum hann hafa orðið tærari og göfugri. Öll tilvera hans skein af vímu hins andlega víns, og hann sá allt fólk í kringum sig með nýjum augum.¹⁶

Seinna í sögunni lýsir hann upplifunum sínum enn frekar. Þar má sjá þá gríðarlegu ástríðu sem fylgdi þessu hugarfari. Áhugavert er að sjá áhuga hans fyrir því myrka og dularfulla í tónlistarupplifuninni, eitthvað sem listamenn og skáld síðrómantíska tímabilsins tileinkuðu sér seinna meir:

¹⁴ „Wackenroder sought with romantic fervor to penetrate the mystery of music and emphasized in his writings the close relationship between religious feeling and artistic creation.“

W. Oliver Strunk, *Source Readings in Music History* (New York: W. W. Norton, 1965), 10.

¹⁵ *Ibid.*, 13.

¹⁶ „This much is certain - when the music was over and he left the church, he thought himself made purer and more noble. His entire being still glowed with the spiritual wine that had intoxicated him, and he saw all passerby with different eyes.“

Ibid.

... ótrúleg tónlistargjöf, list hvers mætti segja að hafi meiri mátt til þess að hrífa okkur og kasta okkur í uppnám sem umturnar öllum öflum í tilvist okkar eftir því sem hún er dularfyllri og myrkari.¹⁷

Og að lokum:

Já, er þessi óskiljanlegi sköpunarkraftur ekki eitthvað algerlega frábrugðið, og yndislegra og guðlegra en máttur ímyndunaraflsins?^{18,19}

¹⁷ „...a wondrous gift of music, the art of which it may be said in general that the more dark and mysterious its language, the greater its power to affect us, the more general the uproar into which it throws all forces of our being.“

Ibid., 14.

¹⁸ Indeed, is not perhaps this incomprehensible creative power something altogether different and - as it now seems to me - something still more marvelous and godlike than the power of fantasy?

Ibid., 23.

¹⁹ Þess má geta að þetta var ekkert einsdæmi í ritum rómantískra listamanna. Fjöldinn allur áhrifaríkra skálda skrifuðu mikið um þessar hugmyndir, m.a. Robert Schumann, Stendhal, Berlioz, Hoffmann, Heine, Baudelaire o.fl.

Tónsmíðar og dulspeki

Dulspeki og tónlist hafa ríka fortíð þegar kemur að spunatónlist og öðrum aðferðum til tónsköpunar sem byggja helst á innsæi og framkvæmd. Klassísk tónlist Indverja hefur aðallega verið iðkuð í trúarlegum skilningi. Margar hefðir seiðmanna (indv. Sadhu) á Indlandi leggja áherslu á mikilvægji tónlistar og nýta sér aldargamlar tónlistarhefðir og tækni til að dýpka samband sitt við Guði og Gyðjur sínar.²⁰ Inversk klassísk tónlist er þó lærð frá manni til manns og byggir ekki á skriflegri hefð. Dæmi um framúrskarandi tónlistarmann í Indlandi er sá sem er í sem mestu náttúrulegu sambandi við list sína og með framkomu sinni tekst að hafa sem sterkust tilfinningaleg og trúarleg áhrif á hlustandann - og ekki síður á sjálfan sig.

Í okkar vestræna samfélagi má finna ákveðnar undiröldur innan tónlistarheimsins sem iðka tónsköpun og tónflutning sinn í beinum dulspekilegum tilgangi. Helstu dæmi um slíkar stefnur eru e.t.v. „Ritual-ambient“ tónlist og ákveðnir straumar innan „Black Metal“ tónlistar.

Raunveruleg „Ritual-ambient“ tónlist hefur í eðli sínu í för með sér ákveðin galdraathafna-einkenni.²¹ Tónlistin er oft á tíðum dáleiðandi og hefur það að meginmarkmiði að tjá þær andlegu hugmyndir sem teknar eru fyrir, og ekki síður að verka sem tól sem ýtir undir það ástand sem er nauðsynlegt til að komast í samband við hverskyns dulræn eða náttúruleg öfl. Oft má heyra notkun fornra hljóðfæra, en hljóð slíkra hljóðfæra vekja hjá mörgum upp ákveðnar dulrænar og ævintýrlegar tilfinningar sem stuðla að frekari afteningu frá hversdagsleikanum. Tónlistin er oft á tíðum fremur hæg og lágstemmd. Þetta ýtir undir fyrrnefnt „hypnótískt“ ástand sem þykir eftirsóknaveitt í þessu samhengi. Allt fer það þó alfarið eftir hugmyndunum eða þemanu á bakvið tónlistina hverju sinni. Sum slík verk kunna einnig að vera fremur óreiðukennd/kaótísk eða jafnvel uppörvandi - allt eftir hugmyndafræði og markmiði verksins.²²

²⁰ Þegar kemur að indverskum Sadhúum (e. walking holy men), hvort sem þeir tileinka sér Vamachara (e. Left Hand Path) eða aðrar leiðir, múslímskum Fakírur, suður-amerískum seiðmönnum (e. shamans/sorcerers), o.s.frv. kýs undirritaður að flokka þá undir hugtakið „dulspeki“ (e. occultism/esotericism/mysticism) frekar en undir almenn trúarbrögð þar sem sérsvið þessara seiðmanna er að vera í beinu sambandi við guði og handanheima.

²¹ Orðið „ritual“ virðist í almennum skilningi hafað þróast í orð sem lýsir hverskyns trúartengdum athöfnum, frekar en almennum hversdagslegum athöfnum.

²² Í þessari umræðu mætti taka fram tvo póla dulspekilaðferða sem geta komið mannum í trans (e. trance) samkvæmt skrifum Peter Carrol í bók sinni *Liber Null and Psychonaut* - nánar tiltekið: „Inhibitory vs. Excitatory“ aðferðir. Algjör óreiða/kaos getur etv. haft sömu áhrif/afleiðingar á meðvitund mannsins og innhverf íhugun í algerri þögn. Hvor aðferðin reynist áhrifaríkari fer oft alfarið eftir persónugerð iðkandans. Fyrir suma er algert „kaos“ leið til þess að yfirstíga hið hversdagslega og neyða meðvitundina inn í trans. Aðrir eiga mun auðveldara með að kafa inn á við í stilltan hafsjó þagnarinnar. Þetta veldur oft á almennum persónuleika/persónugerð hvers og eins, og

Black Metal er mjög sértæk stefna innan „þungarokksins“ sem hefur upptök sín í Skandinavíu seint á níunda áratug 20. aldar. Áhersluefni Black Metal tónlistar hefur frá upphafi verið túlkun ákveðinna goðafræðilegra, dulrænna og dulspekilegra gilda og hugmynda. Einnig hefur hugmyndin um algert listrænt, trúarlegt og huglægt frelsi verið afar ríkjandi innan stefnunnar. Myrkur, dulúð og óreiða (e. chaos) eru einnig algeng tákn í hugmyndafræði Black Metal hljómsveita, og mikil aukning hefur verið á iðkun á myrkari og fornari hliðum dulspekinnar innan þeirra upp á síðkastið. Þetta helst í hendur við þær miklu aukningar og þróanir sem hafa orðið á uppgötvunum og almennum hugsunarhætti vestrænnar dulspeki síðustu áratugi.

Með þeirri miklu aukningu og þróun sem hefur verið á dulspekilegri tónlist og rannsóknum, og með þá gríðarlegu möguleika sem nútímatónlist kann að bjóða upp á er e.t.v. óhjákvæmilegt að þessir tveir náttúrulega nátengdu heimar mætist. Hugsanlega er þó nánast eina þekkta dæmið um slíkt samband raunverulegrar dulspekilegrar iðkunar og vestrænna nútíma tónsmíða tónsköpun ítalska tónskáldsins Giacinto Scelsi.

má hæglega bera þessa kenningu saman við kenningu Carl Jungs um sálfræðilegri flokkun: „Introvert vs. Extravert“. Þessir tveir pólar tengjast náið hugmyndinni og heimspekinni um kynin tvö. Þetta er táknfræði sem má finna í hugmyndafræði flestra dulspeki -og trúarhefða. Samkvæmt þessari kenningu er alheiminum og orku hans almennt hægt að skipta upp eða flokka í tvo póla: kvenkyns og karlkyns. Í einföldustu mynd sinni má segja að kvenorkan tengist myrkrinu og karlorkan ljósinu. Kvenorkan dregur að sér á meðan karlorkan varpar út frá sér. Almennar táknmyndir fyrir kvenorkuna eru: Myrkur, hafsdjúpið, vatn, tunglið, innhverfa, næturhlið veruleikans, „vinstri hliðin“, o.s.frv. Karlorkan lýsir sér í: ljósinu, eldinum, sólinni, úthverfu, efnisheiminum, heim dagsbirtu og hversdagsleika, „hægri hliðinni“, o.s.frv.

Karlorkan sækist í að skapa og varpa sköpun sinni út í sífellt þéttari (e. dense) víddir/ástönd á meðan kvenorkan sækist í að snúa aftur að fullkomnu, guðlegu, upprunalegu ástandi. Þessu upprunalegu ástandi er líkt við óendanleika tómsins sem er á sama tíma hið ævafora kaos sem inniheldur alla möguleika. Birtingarmynd hinnar óreiðukenndu upprunalegu kvenorku er hinn goðsagnakenndi dreki.

Giacinto Scelsi

Giacinto Scelsi fæddist þann 8. janúar 1905 í ítölsku þorpi að nafni Pitelli. Fjölskylda hans var af greifaættum og var hann upp alinn í gömlum kastala móður sinnar þar sem hann þáði einkakennslu í skák, skylmingum og latneskum fræðum. Sem ungur maður sótti hann tónsmíðatíma hjá Arnold Schoenberg í Vínarborg og er talið að Scelsi hafi verið fyrstur Ítala til að læra hina svokölluðu 12-tónaaðferð. Eftir tvítugt hóf hann að ferðast víða um heim þar sem hann fékk innblástur frá hinum ýmsu menningarheimum jarðar, einna helst Indlandi, Tíbet, Nepal og Egyptalandi. Hin ævafora og djúpa viska þessara menningaheima heillaði hann mikið og opnaði augu hans og eyru fyrir nýjum heimum innan heimspekis, trúarspekis og tónlistar.

Eftir mikið áfall þar sem hann missti konuna sína í seinni heimsstyrjöldinni snéri hann aftur til austurlanda og tileinkaði sér ákveðnar „tantrískar“ (e. tantric) leiðir innan austrænnar dulspeki sem hann nýtti í sköpun sína. Einnig er vitað að hann hreifst af skrifum rússnesku dulspekinganna Helenu Blavatsky (1831-1891) og George Ivanovitch Gurdjieff (1827-1949).²³

Þetta hefur óumflýjanlega haft mikil áhrif á tónsköpun Scelsis. Frásögn Frances-Marie Uitti, nánasta vinar og samstarfsmanns Scelsi undir lokin, lýsir þessu e.t.v. best:

... Scelsi varpaði frá sér kraftmilli orku og bjó yfir sterku aðdráttarafli. Hann varð kennari minn í tónlist og andlegri iðkun, og á endanum vinur.

Við tókum að „impróvisera“ saman.

Þessir fundir voru sérstakir að því leyti að þeir innihéldu „automatic writing“, trans-aðferðir, öndunaræfingar og hugleiðslur. Á meðan sólin lýsti upp grjótið með ljós rauðum gljáa flökkuðum við á milli þess að spila, æfa yoga-aðferðir og að hugleiða yfir einum tóni, og stundum yfir OM.²⁴

²³ Herbert Henck, í bækling meðfylgjandi upptökum Manfred Eicher af verkum Scelsi, gefið út á geisladisk *Natura Renovatur* af ECM Records 2006.

²⁴ „... Scelsi exuded a forceful energy and magnetism. He was to become my musical mentor, advisor in spiritual practices, and in the end, a friend.

We then began to improvise together.

These sessions were remarkable in that they incorporated techniques of automatic writing, trance states, breathing exercises and meditation. As the sun gradually flamed the stone to a bright red, we'd proceed between playing, yoga practices, meditations on one note and sometimes on the OM.

He often spoke of how thought and sound could produce form and how one needed to avoid the negative as well as the opaque world of materialism.“

Frances-Marie Uitti, í bækling meðfylgjandi upptökum Manfred Eicher af verkum Scelsi, gefið út á geisladisk *Natura Renovatur* af ECM Records 2006.

Scelsi taldi sig ekki vera tónskáld, þ.e.a.s. sá sem raðar saman hlutum til að mynda heild, heldur frekar „móttakara“ (e. Receiver). Með því er átt við að hann „tæki við“ hugmyndum og hljóðmyndum frá æðri öflum og útfærði þær svo fyrir hljóðfæraflutning. Þetta er alls ekki ný hugmynd, sérstaklega þegar kemur að trúarlegri tónlist, en flestallir eldri menningarheimar töldu að tónlist kæmi beinlínis frá Guði.²⁵

Samkvæmt kenningum sem kynntar voru lauslega í ritgerðinni *OPHIUCHUS: Rannsókn á heildrænni tónlistarupplifun: NEKYIA* eftir undirritaðan (sjá bls. 17) er mögulegt að dýpka þann brunn innblásturs og skynjunar þaðan sem hugmyndir og „fjarlægari upplifanir“ koma, og tónlist er alls engin undantekning.²⁶ Svo sannarlega verður útkoma hverskyns tónverks alltaf blanda af fyrri áhrifum, tækninni sem notuð var við tónsmíðarnar og stundum hugmynda eða tilfinninga sem hafa komið til tónskáldsins við beinan innblástur (e. direct inspiration). Þó virðist vera hægt að skafa moldina af hinum innri móttakara.²⁷ Þetta gerir skáldinu e.t.v. kleift að taka við minna „síuðum“ hugmyndum eða hljóðmyndum frá „æðri öflum“

Dulspekiðkun Scelsis var svo sannarlega ekki grunn, en allir samstarfsmenn hans voru meðvitaðir um hana þó svo að þeir höfðu líklega ekki jafn mikla þekkingu eða reynslu af slíku og fyrrnefndur lærlingur hans - Frances-Marie Uitti.

Herbert Henck skrifar í grein sinni *West-Eastern Messages*:

Hann stundaði hugleiðsluáferðir Yoga sem leið til andlegrar hreinsunar til að öðlast ný og æðri ástönd andlegrar vitundar.²⁸

Hann heldur áfram:

En rétt eins og hann gat komið hinu liðna fyrir augum sér var honum einnig kleift að sjá inn í framtíðina; og svo virðist vera að á háum aldri hafi hann fengið fyrirboða um nákvæman tíma eigin dauða.²⁹

²⁵ eða guðunum, öndunum, Loas, osfrv.

²⁶ Árni Bergur Zoëga, “*OPHIUCHUS: Rannsókn á Heildrænni Tónlistarupplifun: NEKYIA*” (Listaháskóli Íslands, 2012).

²⁷ ... líkt og þekkist í hinu Alkemíska ferli hreinsunar í leit að hinum innsta kjarna sálar (eða myndun gulls úr óæðri málmum líkt og úthverf myndlíking Alkemíunnar segir frá).

²⁸ „He employed meditative exercises of Yoga as a means of spiritual purification to attain a new and higher state of consciousness.“

Herbert Henck, í bækling meðfylgjandi upptökum Manfred Eicher af verkum Scelsi, gefið út á geisladisk *Natura Renovatur* af ECM Records 2006.

²⁹ „But just as the past could appear before his mind’s eye, so was he evidently vouchsafed a view of the future; and he seemed, at an advanced age, to have had a visionary premonition of the exact moment of his death.“

Þessi punktur er afar mikilvægur, en einnig var gert grein fyrir þessu í fyrrnefndri frásögn Frances-Marie Uitti. Hún skrifar:

Með löngum fyrirvara sagði hann mér að lokabrottför hans yrðu „þegar átturnar raðast saman“ (8.8.88), og bað mig að spila Il Funerale di Carlo Magno við útför sín. Og þannig kom það til með að verða.³⁰

Þetta segir til um að andlega vitund Scelsis hefur verið á afar háu stigi – svo háu stigi að mögulegt er að bera hana saman við andlegu meistara Indlands og Tíbets. Í bókinni Aghora - At the Left Hand of God eftir Robert E. Svoboda segir frá Vimalananda, tantrískum Yogameistara sem fylgir Aghora hefðinni.³¹ Vimalananda talar um dauðafyrirspá:

Þú getur ekki svindlað á dauðanum.

Aðeins ein manneskja er undantekning: „Yoginn“. Ef hann veit nóg mun hann vita af eigin dauða sex mánuðum fyrir fram því þá mun *prana* hans byrja að yfirgefa líkama hans. Þá getur hann, ef hann vill, ákveðið tilvalinn dag til að yfirgefa líkama sinn, og þegar hann er reiðubúinn mun hann kalla saman „börn“ sín og veita þeim síðustu blessunina. Þegar hann er búinn að kveðja hvern og einn, og hin mikla stund er runnin upp situr hann í „lótus stöðunni“ og fer í trans. Skyldilega heyrir hávær hvellur - Phat! - og gusa af blóði sprautast upp úr Shivarandhra (e. posterior fontanelle of the skull). Þá er hann farinn, frjáls.

{...}

En það er mjög óvenjulegt að deyja meðvitaður eins og Yogi.³²

Ibid.

³⁰ „Far in advance, he told me that his final departure would come „when the 8’s lined up“ (8.8.88), and asked me to play Il Funerale di Carlo Magno at his services. And so it came to pass.“

Uitti, í bækling meðfylgjandi upptökum Manfred Eicher af verkum Scelsi, gefið út á geisladisk *Natura Renovatur* af ECM Records 2006.

³¹ Hefð, eða „leið“ (e. Path) Aghora er talinn ein kröftugasta og fljótlegasta leið til andlegrar uppljómunar í Indlandi, en einnig ein sú erfiðasta. Aghorar dýrka hina myrku móðurgyðju Kali/Smashan Tara, sem með sveðjum sínum og eldi sker burt og brennir alla veikleika og neikvæð „Karma“ og gerir Aghoranum kleift að sameinast Shiva og öðlast guðdómleika og frelsi frá hringrás jarðneskrar endurfæðingar.

³² „You can’t cheat death.“

Only one person is excepted: the Yogi. If he knows enough he will know about his own death six months before it occurs, because then the *prana* will start to leave his body. Then, if he likes, he can decide the best day to leave his body, and when he is ready he will call all his „children“ together to receive his last blessings. After he says good-by to each one, and the auspicious moment he has waited for has arrived, he sits in the Lotus Posture and goes into a trance. Suddenly there is a loud pop – Phat! – and a jet of blood spurts up from his Shivarandhra (posterior fontanelle of the skull). That is it; he is gone, free.

{...}

But it is very uncommon to die aware like a Yogi does.“

En hvaða áhrif hafði þessi dulspekiiðkun og meinta sálarþróun Scelsis í raun og veru á tónsmíðar hans? Tónlist Scelsis varð almennt ekki þekkt fyrir en um það bil tveimur árum fyrir dauða hans, en augljóst er að hún hafði mikil áhrif þegar hún gerði það loks.

Belgíski tónlistarfræðingurinn Harry Halbreich skrifar eftirfarandi um tónlist Scelsis eftir að hafa heyrt hana í fyrsta sinn:

Það verður að endurrita heilan kafla í nýlegri tónlistarsögu okkar. Seinni helmingur þessarar aldar er nú óhugsandi án Scelsi... Hann hefur kynnt algerlega nýja leið að búa til tónlist sem hefur hingað til verið óþekkt í hinum vestræna heimi.³³

Tónlist, tungumál og hið innra samtal

Lengi hefur verið lögð áhersla á líkindi tónlistar og tungumáls. Margir hafa jafnvel gengið svo langt að kalla tónlistina „alheims tungumálið“ (e. universal language). Hún samanstendur oft á tíðum af ákveðnum kerfum, reglum og frösum, en „fraseringin“ getur skipt meginmáli í hvernig maður upplifir tónlistina - rétt eins og þegar um daglegt mál er að ræða. Tungumál er háð tíma, og hin almenna laglína eða frásögn er bundin rytma, lengdargildum og öðrum gildum, sem eru jafnframt grunneiningar tungumálsins.

Með þróun 20. aldar tónlistar stóðu sum tónskáld frammi fyrir þeirri uppgötvun að tónlist þeirra var ekki lengur eins og tungumál. Hún hafði orðið fyrir afskaplega mikilvægri umbreytingu hvað varðar reglur, fraseringar, tíma og ýmis önnur gildi og var því ekki lengur hægt að kalla hana tungumál. Tónlistin var nú orðin eitthvað annað, eitthvað fjarri okkar daglega lífi - eitthvað töluvert meira órætt eða abstrakt, eða jafnvel yfir-mannlegt. Útkoman á það stundum til að vekja óhug enn þann dag í dag. Hún virðist kalla fram í fólki eitthvað sem er almennt lokað fyrir í þeirra daglega lífi, eitthvað sem flestir vilja e.t.v. helst halda lokuðu.

Robert Svoboda, *Aghora: At the Left Hand of God* (Albuquerque, N.M.: Brotherhood of Life, Inc., 1986), 92.

³³ „A whole chapter of recent musical history must be rewritten: the second half of this century is now unthinkable without Scelsi... He has inaugurated a completely new way of making music, hitherto unknown in the West“

Harry Halbreich, Í bækling meðfylgjandi upptökum Jürg Wytttenbach af *Orchestral Integrale* eftir Scelsi, Accord.

Dulspekin hefur þetta að markmiði - að kafa ofan í djúp sálarinnar og komast í samband við lokuðu og bældu hliðar hennar, og vinna markvisst með þessar hliðar sér til framþróunnar. Reyndur dulspekingur lærir smám saman að þekkja og skilja óræðu og meira „abstrakt“ hliðar veruleikans. Þetta er ferli sem hefst strax í byrjun þegar hann byrjar að tileinka sér hugleiðslu (e. meditation). Litið er á hugleiðslu sem grunn sem flestallar dulspekiaðferðir byggja ofan á. Hugleiðsla losar um taumhaldið sem reglur og spennur hversdagsleikans hafa á okkur. Hún gerir huganum kleift að kafa ofan í djúpið og öðlast reynslu af upplifunum og tilfinningum sem finnast e.t.v. sjaldan í hversdagslegri meðvitund - upplýsingar sem eru ekki fengnar í gegnum tungumálið eða hið stanslausa samtal egósins við sjálft sig. Takmarkið er í raun að stöðva þau fjölmörgu innri samtöl sem finnast innra með okkur, en þau hefta raunverulegri einbeitingu og dýpri skilning.³⁴

Hugleiðsla, ásamt öðrum flóknari dulspekiaðferðum, getur því mögulega gert nútímatónskáldinu kleift að öðlast dýpri og persónulegri skilning á list sinni. Einnig hafa vísindalegar rannsóknir sýnt að á meðal þeirra fjölmörgu jákvæðu breytinga sem regluleg hugleiðsla kann að hafa í för með sér er aukinn sköpunarkraftur (e. creativity).³⁵ Þetta ætti augljóslega að nýtast listamönnum vel.

³⁴ Í bókum Carlos Castaneda sem urðu vinsælar á 6. og 7. áratug síðustu aldar er þetta ferli kallað „stopping the inner dialogue“. Bækurnar eru sannsögulegar og segja frá hinum rökhugsandi mannfræðingi Carlos Castaneda sem er að mörgu leiti plataður út í innvígslu í forna suður-ameríska seiðmannahefð undir leiðsögn indjánans Don Juan Matus.

³⁵ Lorenza S. Colzato, Ayca Ozturk, and Bernhard Hommel, “Meditate to Create: The Impact of Focused-Attention and Open-Monitoring Training on Convergent and Divergent Thinking,” *Frontiers in Psychology* 3 (2012), doi:10.3389/fpsyg.2012.00116.

Nekyia/Ophiuchus

Í ritgerð minni *OPHIUCHUS: Rannsókn á heildrænni tónlistarupplifun: NEKYIA* tengd samnefndu verkefni mínu sem hlaut styrk frá Nýsköpunarsjóði Rannís sumarið 2012 rannsakaði ég tengsl nútímatónlistar og dulspekilegs ferlis sem kallast Alkemía.³⁶ Ég varpaði einnig fram hugmyndum um mikilvægji myrkurs og innhverfrar íhugunar í hringrás lífsins og hvernig viðeigandi tónlist getur stutt við og dýpkað upplifanir af slíkum fyrirbærum. Ég tengdi ferlið sem flestir ganga í gegnum þegar þeir fyrst, þó hægt og sígandi, fara að upplifa myrka og andharmóníska tónlist sem eitthvað meira en „bölvaðan hávaða“ við hugmyndina um andlega innvígslu (e. initiation). Titillinn Nekyia táknar hið goðsagnakennda ferðalag niður í dýpsta djúp undirheima (e. underworld/nightside) í leit að þeim leyndu og gleymdu fjarsjóðum sem þar má finna.³⁷

Í sömu ritgerð fjallaði ég um þá miklu möguleika sem nútímatónlistkann að hafa opnað fyrir þegar kemur að túlkun dýpri og flóknari tilfinninga og „arketýpna“ (e. archetypes). Ef við gefum okkur það að tónlist hefur þann einstaka hæfileika að móta tilfinningar okkar og jafnvel kalla fram margar sterkar hugmyndir innra með okkur ætti að teljast augljóst að með öllum þeim nýju möguleikum nútímatónlistar ætti að vera hægt að kalla fram og túlka fyrirbæri sem hafa e.t.v. ekki verið almenningi aðgengileg áður.

Gott dæmi um afar myrka og andharmóníska tónlist sem er mörgum þekkt í hinum „klassíska“ tónlistarheimi er tónlist Krzysztof Penderecki (f. 1933). Tónverk hans eru oft á tíðum krassandi and-harmónísk og myndu margir eflaust kalla hana „hræðilega“ eða „martraðakennda“, en fyrir suma er slíkt tónmál fagurfæðilega eftirsóknarvert og þykir þeim fátt betra en að sökkva sér ofan í dulúðarfullu heima þessarar myrku og „epísku“ tónlistar. Þess má einnig geta að tónlist Penderecki hefur oft verið notuð í hryllingsmyndir á borð við *The Shining* eftir Stanley Kubrick og hina víðfrægu *The Exorcist*. Sömuleiðis hefur tónlist György Ligeti (1923-2006) komið fyrir í kvikmyndaheiminum þegar kemur að túlkun óvenjulegra og fjarlæggra arketýpna. Í einu helsta meistaraverki kvikmyndasögunnar; 2001 *A Space Odyssey* eftir Kubrick, eru ýmis tónverk Ligeti notuð í þónokkrum atriðum. Kvikmyndin tjáir metafýsísk ferðalög um himingeiminn og í myndmáli hennar má meðal

³⁶ Zoëga, “OPHIUCHUS: Rannsókn á Heildrænni Tónlistarupplifun: NEKYIA.”

³⁷ Þessu hefur verið lýst sem hættulegri för út á svartan sjó, eða „að snúa aftur inn í leg Drekans“. Slíkt ferli hefur í för með sér ákveðna sálarhreinsun, en slík hreinsun er náttúrulega erfið og sársaukafull, og ekki síður hræðileg ásjónar. Líkt og í hinni goðsagnakenndu svaðilför komast ekki allir heim óhultir með fulla kistu af gerselum, enda er það í eðli slíkrar ferðar að hún sé háskamikil. Peter Grey skrifar: „We will not follow the smoke to the stars until we are burned on the pyre of the earth“.

annars finna arketýpur sem tjá óendanleikann, óþekkta heima og metafýsíska endurfæðingu. Tónlist Ligetis á svo vel við þessi atriði að varla er hægt að ímynda sér kvikmyndina án hennar.

Í þessum tilvikum er samband tónlistar, myndar og umfjöllunarefni afar sterkt og náttúrulegt - útkoman er því orðin stærri en summa partanna. Þetta á ekki síður við þegar kemur að tónleikaforminu.

Tónleikaformið

Ég hef lengi lagt áherslu á mikilvægi almenns umfangs hverskyns tónlistar. Útlit og almennt andrúmsloft tónleikastaðsetningar hefur óneitanleg áhrif á heildarupplifun áheyrans og mótar minninguna af atburðinum til lengdar. Því miður er þó oftast afar lítið lagt í mótun tónlistarupplifunnar með umhverfinu sem flutningurinn á sér stað í innan hinnar nútíma klassísku tónlistarhefðar. Þetta hvatti mig til þess að kanna möguleika tónleikaformsins í sambandi við eigin tónlist. Að mínu mati ætti umfang hvers flutnings að vera í samræmi við hugmyndafræði og andrúmsloft tónlistarinnar. Oftast þarf ekki nema dimma lýsingu og nokkur kerti til þess að mynda dularfyllri og náttúrulegri stemningu á tónleikum (ef slíkt andrúmsloft á við).³⁸

Hér að neðan má finna dæmi um skipulagningu og framkvæmd tónleikaatburðar sem notfærði sér mörg ofangreindra lögmála, þ.e.a.s. tónsköpunar -og tónleikaupplifun sem er mótuð út frá ákveðnum lögmálum nútíma dulspeki og tengdum hugmyndum.

³⁸ Rannsóknir á efnaboðum heilans hafa leitt í ljós að við myrkur eykst framleiðsla melatóníns, en melatónín er hormón sem verður til í heiladingulnum og eykst í myrkri, rétt eins og heiladingullinn stækkar í myrkri. Það er sannkallað „myrkurhormón“ eins og Rick Strassman orðar það í áhrifamikilli bók sinni *DMT: The Spirit Molecule*. Þetta hormón losnar út í heilann þegar heiladingullinn skynjar myrkur (eða réttara sagt fjarveru birtu) í gegnum sjóntaugar augnanna. Melatónín er talið færa með sér ró og stuðlar að innhverfri hugsun (sem þykir oft vera grundvallaratriði þegar kemur að könnun innra sálarlífs og iðkun margskonar sköpunar) og hefur mikil áhrif á svefnvenjur okkar.³⁷

Jafnvel í hreinum vísindalegum silningi er sem sagt rökrétt að álykta að myrkur sé góður kostur þegar kemur að tónlistarupplifun sem kallar á innhverfa íhugun og hugarheimi sem ekki tengist hversdagsleikanum. Flestir myndu þó eflaust vera sammála um að slíkt umhverfi hafi áhrif á fleira en melatónínframleiðslu, en bara það að stíga inn í dularfullt og e.t.v. 'fornt' umhverfi hefur óumflýanlega ákveðin áhrif á hugann, og virðist vekja upp ævintýralegar tilfinningar sem tjúfa hversdagsleikann.

³⁹ Rick Strassman, *DMT: The Spirit Molecule: a Doctor's Revolutionary Research into the Biology of Near-death and Mystical Experiences* (Rochester, Vt: Park Street Press, 2001), 63.

Tónleikaformið - dæmi tekið fyrir

Haustið 2013 hófu liðsmenn reykvískrar „ritual-ambient“ hljómsveitar undirbúning á sínum metnaðarfyllstu tónleikum til þessa. Hljómsveitin leggur almennt áherslu á dulspekileg og dulúðarfull efni og er þekkt fyrir afar áhrifaríkar og dáleiðandi framkomur á sviði. Liðsmenn sveitarinnar eru opinberlega naflausir og mun nafn sveitarinnar ekki koma fram í þessari ritgerð.

Það hafði lengi verið á dagskrá sveitarinnar að flytja tónlist sína úti í náttúrunni fyrir útvaldan hóp fólks. Út af praktískum ástæðum var ákveðið að tónlistin yrði öll órafmögnuð, en áður hafði hljómsveitin oft á tíðum notað rafmögguð hljóðfæri í bland við órafmögguð.

Um fjöllumarefni (e. concept) atburðarins voru táknmyndirnar: myrkur og eldur, en þetta voru fyrirbæri sem komu til með að skipa afar mikilvægu hlutverki í heildarverkinu. Myrkrið, sem hin kvenlega hliðtilverunnar, var tengt við gyðjuna Hecate.⁴⁰ Hecate kemur úr grísku goðafræðinni og var gyðja galdra, myrkurs og drauma og var tengd við staði þar sem mörkin milli heima manna og handanheima mætast.⁴¹ Þessir staðir voru oft á tíðum hellar, gamlir skógar, grafreitir, strendur og fjallshlíðar⁴² og kölluðust í þessu samhengi samheitinu Nekuomanteion.⁴³

Sem fulltrúi karllægu orkunnar var eldurinn, tengdur við Lúsífer (ísl. Ljósberinn), einnig mikilvægur hluti af efninu.⁴⁴ Lúsífer lýsir upp myrkrið með eldi sínum og leiðbeinir manninum í „alkemískri“ för sinni í leit að guðdómleika. Jafnvægi þessa póla (myrkurs og elds, kvenorku og karlorku, osfrv.) er talið nauðsynlegt þegar menn hætta sér út í heim galdra.

⁴⁰ Þónokkur áhersla hefur verið lögð á Hecate í vestrænni galdrahefð síðustu áratuga, en þó meira í stefnum á borð við "traditional witchcraft" frekar en „high ceremonial magic“. "Traditional witchcraft" sækir innblástur og þekkingu frá ýmsum norrahefðum evrópu og víðar. „Ceremonial magic“ mætti hinsvegar líkja meira við guðfræði, en hún leggur töluvert meiri áherslu á fræði, íhugun og flóknar athafnir.

⁴¹ Sorita D'Este and David Rankine, *Hecate Liminal Rites: a Historical Study of the Magic, Spells, Rituals and Symbols of the Torch-bearing Triple Goddess of the Crossroads* (London: Avalonia, 2009).

⁴² Náttúran skipar mjög stórt hlutverk í „witchcraft“ og töluverð áhersla er lögð á nýtingu náttúrulegra efna í ýmis galdraseiði, „charms“, „amulets“. ⁴² Inntaka hugvíkkandi sveppa og annara plantna í trúarlegum tilgangi þekkist einnig innan þessara hefða, líkt og í flestum seiðmannasamfélögum heims.

⁴³ *Clavis: Journal of the Art Magical*, vol. 1 (Clavis Editions, 2012), 66.

⁴⁴ Mikil áhersla hefur verið lögð á Lúsífer í dulspeki samtímans, þó er vert að varpa ljósi á þann algenga misskilning sem hefur lengi verið ríkjandi þegar kemur að honum. Lúsífer, eða Ljósberinn, er í raun afar svipuð arketypa og Jesús Kristur. Hann er kenndur við ákveðnar hugmyndir um uppreisn og frelsun. Í gnostískum skilningu má tengja hann við hugmyndina um hinn goðsagnakennda snák sem með visku sinni frelsar manninn frá harðstjórn hins efnislega skapara, eða „the Demiurge“.

Tónleikadagsetningin 1.nóvember (föstudagur) var tilvalinn kostur, en mánaðamótin október og nóvember eru tími „Samhains“, sem þekktist best nú til dags sem „Hallow's Eve“ eða „Halloween“ (ísl. hrekkjarvaka). Sögulega tengist þessi tími „sabbat“ evrópskra norna og var almennt talið að þá væru skilin á milli heimana sem þynnst.⁴⁵

Í æfingarymi sveitarinnar mátti finna ýmiskonar hljóðfæri, eða allt frá rafmagnsgítörum í tibetskar söngskálar, harmónikkur og klassísk strengjahljóðfæri. Einnig blasti við fjöldinn allra dýrahauskúpa og beina, altari skreytt með íslenskum galdrarúnum, og tómar vínflöskur krýndar svörtum kertum.

Á sama tíma og undirbúningur tónleikana hófst var byrjað að semja tónlistina fyrir atburðinn, en nánast öll tónlistin var samin sérstaklega fyrir atburðinn. Þegar æfingar hófust voru öll rafmagnsljós höfð slökkt, kveikt var á nokkrum kertum, helst á altarinu eða í kring, og kveikt í reykelsi. Allt þetta myndar rétta og nauðsynlega stemningu þegar kemur að sköpun og þróun efnisins að sögn sveitarinnar.

Á altarinu var hreindýrahauskúpa, bikar, svört kerti, skreyttur þríhyrningur úr viði og reykelsi sem fyllti þríhyrninginn af reyk.⁴⁶ Hið alræmda 'pentagram' var þrætt milli kertanna með bandi.⁴⁷

Þegar réttu andrúmslofti var náð var hafist handa við tónsköpun efnisins. Liðsmenn sveitarinnar „impróviseruðu“ á hin ýmsu hljóðfæri þar til komið var niður á hljóðmynd eða stef sem þótti eiga við verkefnið.

Vinkona hljómsveitarmeðlimanna var fengin í hlutverk seiðkonu við flutninginn sem tákngerfingur kvenorkunnar.

Þegar kom að tónleikadagsetningunni var fundað með áheyrendum atburðarins og hugmyndir verkefnisins útskýrðar fyrir þeim. Liðsmenn hljómsveitarinnar höfðu úbúið

⁴⁵ Greenwood and Greenwood, *The Illustrated History of Magic & Witchcraft*, 66.

⁴⁶ Hyrnda hauskúpan var efnislegur tákngerfingur Karlorkunnar, í þessu tilfelli Lúsífers, en bikarinn stóð fyrir Kvenorkuna - Hecate. Bikarinn er etv. algengasta táknið fyrir Kvenorkuna, en eðlilegast væri að prýða altarið með hníf (e. ceremonial dagger/athame) til að tákna karlorkuna. Notkun hyrndu hauskúpunnar er þó nokkuð algeng líka þar sem hún stendur fyrir manninn sem yfirstígur sitt mannlega eðli. Bikarinn er etv. algengasta táknið fyrir Kvenorkuna, en eðlilegast væri að prýða altarið með "ceremonial" hníf til að tákna karlorkuna. Notkun hyrntu hauskúpunnar er þó nokkuð algeng líka þar sem hún stendur fyrir manninn sem yfirstígur sitt hversdagslega mannlega eðli.

⁴⁷ „Pentagramið“, eða hin fimmhyrnta stjarna, er ævafornt táknið sem hefur verið mikið notað í galdraathöfnum í gegnum aldananna rás. Það stendur fyrir einingu og jafnvægji hinna fjóru klassísku frumöfl/frumefni (e. elements) en galddramaðurinn lærir að sameina öll frumöflin í sjálfum sér (Jörð, eldur, vatn og loft - fimmta frumefnið er andinn (e. spirit)). Þetta styrkir hann, samkvæmt fræðunum, og verndar og gerir hann almennt að heildstæðari einstaklingi. Hvert frumafl er tengt við ákveðna persónueiginleika sem galddramaðurinn reynir að koma í jafnvægji til að útiloka ójafnvægji og veikleika á öllum sviðum lífs síns.

kindabein skreytt með rúnum til að útteila áheyrendum atburðarins.⁴⁸ Einnig hafði verið útbúið svokallað galdraseiði sem áheyrendum var boðið að neyta ef þeir vildu.⁴⁹

Þegar klukkan sló 22:00 var raðað í bíla og haldið á tónleikastaðsetninguna.⁵⁰

Þegar komið var á staðinn söfnuðust áheyrendur saman hjá kvenkyns meðlim sveitarinnar sem var klædd í afar vandaðan búning og hélt á kindli. Hún leiddi áheyrendur niður í helli sem stóð nálægt hinum tilgreinda tónleikahelli atburðarins. Þar hóf hún látlausa athöfn þar sem viljugum var boðið að drekka af galdraseiðinu, sem hafði verið varðveitt í hitabrusa. Á meðan nýttu liðsmenn sveitarinnar tímann til að raða hljóðfærum og öðrum munum í tónleikahellinn, kveikja varðeld og stilla hljóðfærin sem höfðu afstillst lítillaga í kuldalum. Tónlistarmennirnir klæddust svörtum fötum og svartri hettu/grímu úr taui, en þetta hefur verið einkennisbúningur hljómsveitarinnar frá upphafi.

Brátt var áheyrendum boðið að koma inn í hellinn og staðsetja sig þar sem þeim sýndist. Þá hófust tónleikarnir.

Í fyrsta verkinu var dulúð náttúrunnar heilluð með angurværum/melankólískum tónum. Eftir það hófst athöfn þar sem áhorfendum var boðið að drekka vígt (e. consecrated) vín úr altarisbikarnum. Tónlistin hafði þá færst út í hraðari stíl sem einkenndist af frumstæðu slagverki og endurtekningasömu, en nokkuð andharmónísku tónefni.

Næst voru draugar og andar hinna dauðu hylltir og tónlistin tók á sig töluvert myrkari mynd. Þetta þróaðist svo út í angurvært og mikilfenglegt verk sem upphefur hinn forna dreka.

Þegar þessi öfl höfðu verið kölluð saman hófst nýr kafli í athöfninni. Þá varð tónlistin afskaplega taktföst og grípandi, en viðhélt þó dularfullu andrúmslofti. Leikurinn æstist sífellt meira upp og sprakk út í afar óreiðukennt en þó takfast tónefni sem vitnaði í nornadans „sabbatsins“ úr evrópskum þjóðsögum⁵¹. Á meðan á þessu stóð mátti sjá kvenkyns meðlim

⁴⁸ Þessi 'minjagripur' átti að tengja áheyrandann nánar við athöfnina, en fólkið var beðið um að koma beininu strax fyrir inni á klæðum sér og geyma það þar til athöfninni var lokið.

⁴⁹ Seiðið innihélt meðal annars lítið magn ofskynjunarsveppa og annarra íslenska galdrajurta. Þetta er í samræmi við fjölmargar hefðir seiðmanna og norna um allan heim, en slík seiði eiga til með að innihalda minnst eina jurt eða plöntu sem kunna að hafa ofskynjunaráhrif á neytandann. Slík efni hafa verið notuð í öllum heimshornum eins lengi og maðurinn hefur staðið uppréttur, þá sérstaklega í trúarlegum tilgangi, en þau eru talin opna fyrir ákveðnar dyr skynjunar sem eru oftast flestum lokaðar, og þar með geti þáttakandinn öðlast innsýn í aðra heima, bæði innra með sér og utan. Vert er að nefna að það er almennur skilningur í seiðmannasamfélögum að neysla slíkra efna utan einbeitrar athafnar sé að mestu tilgangslaus og jafnvel hættuleg, og það sé ástæðan fyrir misnotkun vestrænna samfélaga á hugvíkkandi efnum.

⁵⁰ Fyrirfram hafði hópurinn verið í samtölum um hverjir yrðu keyrsluhæfir og þannig var hægt að ferja öllum í einni ferð.

⁵¹ Það hafði verið hluti af hugmyndinni að áheyrendur tækju þátt í „sabbatískum“ dansi í kring um varðeldinn, en aðstæður leyfðu það ekki að þessu sinni.

sveitarinnar færast sífelld dýpra í æðisgenginn trans þar sem hún fórnaði ýmsum jurtum og beinum í eldinn.

Þegar síðasta verkið tók að líða undir lok voru allir andar og öfl kvödd og athöfninni lokað með tilheyrandi orðum og gjörðum.

Eftir tónleikana var fólki boðið að sitja með liðsmönnum hljómsveitarinnar í kringum varðeldinn og njóta náttúrunnar og næturinnar í sameiningu. Áheyrendur voru almennt mjög ánægðir með atburðinn, og töluðu um að þetta hafði verið afar sérstök og djúpstæð tónlistarupplifun.⁵²

Þó svo að nánast enginn áheyrendanna hafði fyrri reynslu af dulspeki hafði heildarumfangið og upplifunin afar sérstök áhrif á hvern og einn, áhrif sem hefðu e.t.v. ekki getað myndast undir venjulegum tónleikakringumstæðum. Áhrifin og andrúmsloftið hentaði tónlistinni mjög vel og er því hægt að fullyrða að atburðurinn hafi lukkast vel.

Hér að neðan má sjá nokkrar myndir frá atburðinum og undirbúningsferlinu:

⁵² Einn áheyrandinn sem hafði neytt galdraseiðisins talaði um kvöldið sem eitt það merkilegasta í lífi sínu. Sá hafði upplifað að hann hafði verið fyrir utan líkamann sinn alla tónleikana og upplifað atburðinn og náttúruna á vegu sem hann gat engan veginn útskýrt á mannlegu máli.




Mynd 1.
Varðeldur og altari.




Mynd 2 & 3.
Meðlimir sveitarinnar við tónflutning.



Mynd 4. (hægri)
Altari í æfingarými
sveitarinnar.



Mynd 5. (að neðan)
Tónleikastaðsetningin séð úr
nokkurri fjarlægð.



Sacred Songs

Verkefni mitt Sacred Songs kemur til með að byggja á fyrrnefndum hugmyndum um notkun dulpekilegra aðferða og hugmyndafræði í tónmíðum og mun vera einskonar upphafsdæmi um vestrænar tónsmíðar sem byggja á persónulegri reynslu og raunverulegri iðkun sem við kemur guðdómleika og birtingamyndum nútíma dulspeki og hinni upprunalegu kvenorku.

Í hugmynda -og táknfræði verkanna má finna blöndu af fornum athöfnum og táknmyndum og nýrri hugmyndum. Táknmyndir og arketýpur verkanna eru fengin frá öllum heimshornum.⁵³

Hér að neðan má sjá lítil dæmi úr tónsmíðaferli tveggja verka sem falla undir verkefnið Sacred Songs, en það er ennþá í vinnslu.

⁵³ Þetta er í samræmi við kenningar fræðigreinarinnar „comparative religion“ um að allar þessar arketýpur og Goð eiga sér sameiginlegan uppruna og eru í raun mismunandi nöfn fyrir sömu öfl. Í þessum hulda og að mörgu leiti týnda heimi er nauðsynlegt að nýta þúsl frá mörgum stöðum og hefðum til að endurheimta heildarmyndina.

Tónsmíðar - dæmi tekin fyrir

II. HE-Arkhe fyrir hljómsveit

Annar kafli í enn ónefndu hljómsveitaverki sem ber undirtitilinn: *A Gnostic Formula of Creation and Ascent*. Verkið lýsir ákveðnum hugmyndum um þróun mannkyns í gegnum sálarinnvígslu í djúpi tómsins og fær myndmál sitt að mörgu leyti frá grunnhugmyndum gnostísku sköpunarsögunni.

Kaflinn var að mestu unninn yfir eina nótt. Við kertaljós og „Musk“ reykelsi var hafist handa við hugleiðingar um þema verksins og skissur teknar niður í bók. Ákveðið „pathworking“⁵⁴ var búið til sem leiddi mann í gegnum ferðalag í hugleiðslu, en sérstakt tákn var myndað með aðferðum „sigil magick“ til að hjálpa til við inngöngu hugans í „heim“ verksins. Þónokkrar hljóðmyndir og fremur óræðar hljóðhugmyndir voru fengnar í þessari hugleiðslu, einna helst um miðbik „ferðalagsins“, en aðrar hljóðmyndir og hugmyndir sem fengnar voru undir lok hugleiðslunnar verða nýttar í þriðja kafla verksins sem ber nafnið *Bythos* og segir frá hápunkti sálarinnvígslunnar í tóminu.

Eftir hugleiðsluna var hafist handa við að skissa niður niðurstöðurnar og staðsetja tónmyndirnar á tímaás. Svo var tónlistin rituð í nótum og unnin út frá fyrrnefndum tónnmyndum, hugmyndum og öðrum ahrifum sem fengin höfðu verið. Með ákveðnum trans-aðferðum var mikilli einbeitingu og listrænni sköpunarinnlifun náð yfir nóttina, en réttu andrúmslofti var viðhaldið með einbeitingu á hugmyndum og óræðum orkum (e. energies) verksins. Tónsmíðaaðferðir (t.d. myndun tónmassa og flæðis, og dýpkun bakgrunnsefnis) voru nýttar til að útfæra fyrrnefndar hugmyndir.

Aðferðin reyndist afkastamikil og gefandi, en hefði hugsanlega ekki gengið jafn vel upp undir miklu álagi eða tímaþröng.

⁵⁴ Sjá klausu um „pathworking“ í ritinu *Khem Mousai: A treatise on modern practical magick for the modern composer* í ýtarefni ritgerðarinnar.

Khem I: Queen of the Tri-Flame Gnosis

fyrir hörpu, slagverk og kammersveit

Þetta verk kom upprunalega til með beiðni frá gyðjunni Hecate í „sýn“ þegar ég lá veikur milli svefns og vöku á miðri vetrarnóttunóttu. Úti var stormur og rigninginn dundi á gluggum íbúðarinnar. Ég hafði nú þegar skrifað verk fyrir hörpu og slagverk fyrr um árið og hafði ekki dottið í hug að ég skyldi skrifa annað slíkt svona fljótlega. Ég vissi þó samstundis hvað ég varð að gera - líkt og ný eðlishvöt eða inssæi sem hafði vaknað til lífs innra með mér.


Þegar ég hóf ferlið hafði ég lítið sem enga hugmynd um hvernig verkið yrði. Ég ákvað því að setja upp athöfn og komast í samband við gyðjuna.

Ég afmarkaði „heilagt svæði“ og hóf sutta hugleiðslu til að róa hugann og tengja mig inn í ferlið sem þá var hafið. Kveik tvar á þremur svörtum kertum og „Sandalwood“ reykelsi og sérstakt tákni útbúið með aðferðum „sigil magick“ sem unnið var út frá nokkrum tákmyndum gyðjunnar o.fl. Táknið er svo „hlaðið“ með uppbyggðri orku heilaga svæðisins og galdramansins, og tenging mynduð við áform athafnarinnar. Með trans-aðferðum er svo tákniinu gefinn aðgangur að dýpri undirmeðvitund galdramannsins. Táknið er svo sett undir kotta þar sem galdramaðurinn sefur.

Á meðan ég festi svefn fór ég með hugann í gegnum ímyndað ferðalag (e. pathworking). Ég gekk í gegnum dimman skóg þangað til að ég kom að krossgötum. Ég stansa og bíð eftir fyrirboða um hvaða leið skal taka. Þá sé ég lítinn snák skriða út úr runna og inn á einn stiginn. Ég elti hann í gegnum háa þyrnirunna þar til ég kem að földu hofi djúpt inni í skóginum. Dökk og rauðleit birta sést frá dyrum hofsins og tákni Hecate yfir þeim. Ég teikna draumatáknið sem búið var til í athöfninni í moldina fyrir framan dyrnar og stíg inn. Þar blasir við mér sýn af dökkri kvenveru sem spilar á stóra hörpu skreytta með beinum. Tónlistin minnir á mjúka en jafnt ójarðneska hljómsveitatónlist. Þá heyrðist einnig djúpur og hægur drumbusláttur sem var líkt og hjartsláttur lifandi byggingarinnar. Sýnin heldur áfram í draumum næturinnar og um morgunin rita ég niður þær upplifanir sem höfðu borist mér yfir nóttina.

Við ritun á tónverkinu notfæri ég mér hugmyndir og tónmyndir frá þessari sýn, en einnig aðferðir á borð við beinaspádóma (e. osteomancy) o.fl. til að leysa ákveðin tónsmíðatengd vandamál. Áframhaldandi draumfarir í hof gyðjunnar dýpka ferlið og hafa kennt mér ýmislegt um tilgang tónlistar í „drauma- og handanheimum“.

Oft getur þó reynst afar erfitt að útfæra þær flóknu og óvenjulegu tónmyndir sem berast manni á þessa vegu, en með vitneskju um þá nánast óendanlegu möguleika nútímatónlistarinnar erum við e.t.v. nærri markinu en nokkru sinni fyrr - að rita tónlist Guðanna.



Mynd 6.
Lykill að hofi gyðjunnar

Heimildaskrá

- Carroll, Peter J. *Liber Null & Psychonaut*. York Beach, Me: S. Weiser, 1987.
- Clavis: Journal of the Art Magical*. Vol. 1. Clavis Editions, 2012.
- Colzato, Lorenza S., Ayca Ozturk, and Bernhard Hommel. "Meditate to Create: The Impact of Focused-Attention and Open-Monitoring Training on Convergent and Divergent Thinking." *Frontiers in Psychology* 3 (2012). doi:10.3389/fpsyg.2012.00116.
- D'Este, Sorita, and David Rankine. *Hekate Liminal Rites: a Historical Study of the Magic, Spells, Rituals and Symbols of the Torch-bearing Triple Goddess of the Crossroads*. London: Avalonia, 2009.
- Godwin, Joscelyn. *Harmonies of Heaven and Earth: Mysticism in Music from Antiquity to the Avant-garde*. Rochester, VT: Inner Traditions International, 1995.
- Greenwood, Susan, and Susan Greenwood. *The Illustrated History of Magic & Witchcraft: a Study of Pagan Belief and Practice Around the World, from the First Shamans to Modern Witches and Wizards, in 530 Evocative Images*. Wigston, Leicestershire: Lorenz Books, 2011.
- Grey, Peter. *Apocalyptic Witchcraft*. London: Scarlet Imprint, 2013.
- Huson, Paul. *Mastering Witchcraft: a Practical Guide for Witches, Warlocks & Covens*. New York: Berkley Publishing Group, 1980.
- Jung, Carl Gustav. *Man and His Symbols*. Random House Publishing Group, 2012.
- Strassman, Rick. *DMT: The Spirit Molecule: a Doctor's Revolutionary Research into the Biology of Near-death and Mystical Experiences*. Rochester, Vt: Park Street Press, 2001.
- Strunk, W. Oliver. *Source Readings in Music History*. New York: W. W. Norton, 1965.
- Svoboda, Robert. *Aghora: At the Left Hand of God*. Albuquerque, N.M.: Brotherhood of Life, Inc., 1986.
- Árni Bergur Zoëga. "OPHIUCHUS: Rannsókn á Heildrænni Tónlistarupplifun: NEKYIA." Listaháskóli Íslands, 2012.

Ítarefni

- Sýnidæmi úr *Khem Mousai: A treatise on modern practical magick for the modern composer*
- Frekari lesning

Tónsmíða-galdrarit í vinnslu

Hér að neðan má sjá lítið brot úr ókláruðum texta um möguleika á notkun nútíma galdraaðferða til að efla og dýpka tónsmíðaferli tónskáldsins. Textinn er á ensku og ætlaður tónlistarmönnum og áhugamönnum sem stunda eða hrífast af dulspekilegum og andlegum efnum um allan heim og er miðaður inn á alþjóðlegan markhóp.

Samples from:

ÁrniBergur Zoëga

KHEM MOUSAI

A treatise on modern practical magick
for the modern composer

Preparations - Dusting the inner receiver

In this modern age of ceaseless entertainment and information, man's perception is held captive perpetually in the outside world and is barely ever given the opportunity to return. Only when he sleeps can he hope of conversing with the inner world. Incidentally, modern man has also lost most all connection to his inner symbology and dream-language. He seems to take dreams for a fraud - a mere recycling bin for the day's events. This has led to a very muddled relationship between him and his inner life, and has resulted in his now very limited mundane perception or "upper-consciousness" not even remembering its conversations with that of the lower or deeper one (and what fragments remain are a complete mystery to him as far as meaning and purpose goes).

Magick opposes this development. It suggests a re-connection to the dream, and to the inner world. Magick rejects the dogmatic intolerance and stagnation of the modern exoteric religions, as well as the naïve scepticism of the western scientific paradigm. It does, however, utilize the profound symbology and mysticism to be found at the core of the religious traditions, as well as embracing and embodying the groundedness and willful determination of the scientific ones. For the magician rejecting one side in favor of the other may lead to an imbalance which he cannot afford to suffer. The magician must see to the core of things without being swayed by the warm outer garments of ego and ignorance. As Innanna in Her descent into the underworld the magician must gradually strip these garments and finally stand naked before the chasm of the abyss, lest he will not make the leap, but fall to his burning demise.

Many suggest that artists and magicians are in fact dealing with the same language - the language of the "inner", "the Other", the "divine", the "demonic". They will most likely also agree that the best ways to reach this language is through trance and obsession, ecstasy and possession, reflection and exorcism. The artist may not be an occultist (not that he is aware of anyway), yet the magician will always produce art. It is his way of materializing the visions, experiences, and changes that occur in his incursions into the inner realms.

But where to begin?

Meditation is the key. Most traditions will attest to this - whether it's called meditation, *útisetá*, prayer, contemplation, silencing the inner dialogue, stopping the world, etc. etc. This at first difficult act of sensual strike will gradually attune you to your self (as well as acting as a much needed middle-to-upper-psyche house-cleaning). It may not always be pretty, but that old fermenting plate of macaronies-and-cheese under the carpet has got to go!

When we meditate we enter into dialogue with an old neglected friend. Your first conversations are likely to be short and slightly unnerving at best, but as the wise know: a good relationship needs work, patience, and perseverance.

When you have finally made terms your inner friend will most likely have taught you a thing or two about his world - and you might even find yourself looking at your own world with very different eyes indeed. Some things that you previously perceived and understood on a very rational and shallow level start to gain deeper layers of significance. You are now becoming attuned to the magical world - the world of Nature.

Beneath you'll find a few basic workings which have the potential of aiding your compositional work. I have decided to exclude (for the most part) more theoretical methods, such as utilizing sacred numerology, etc. These practices have been delineated countless times throughout the ages (see appendix for some sources). I will, instead, focus almost entirely on practical magick.

The following practices may seem basic to some, and complex to others, depending on experience. It is important that the practitioner align them according to his or her needs and goals.

Setting up the workspace - invocation

Basics: Creating suitable atmosphere - Fire, battle, Mars

For Marsian, fiery music one should ideally surround oneself with items which evoke a Marsian atmosphere. Incense affiliated with Mars, fire (the bigger the better, although candles or a small furnace will be the most practical option for most practitioners), pictures, items, and statuettes describing weapons and battle are placed around the workspace. A strong liquor or tasty, bitter beer can help supplement the mood as well as that of a strong tobacco - taken in whichever method the practitioner fashions. Plenty of strong coffee or similar stimulants may help keep the flame going and lowers the inhibitions. As night falls and societies mental grasp weakens, your inhibitions will naturally drop, even without stimulants or supplements. Uninhibited dancing or simply rocking in ones seat may deepen the hypnosis and weaken the link to the mundane "civilized" pattern of thought and action. The preferred state is that of divine frenzy - the mad genius - furiously obsessed with his work and passion. The Dionysian possession! The Bacchic intoxication and fury! If performed right, with great passion and freedom, this arcetypal invocation of fiery Marsian energy will aptly attune your consciousness to the preferred experience. At the very least it should supply you with genuine experience which is the basis of any great work of art. If you are, then, able to work properly and practically under the influence of this metamorphosis, you will benefit greatly. Not only will the sheer passion and forgetfulness keep you obsessed and busy with your work, but seemingly alien ideas and inspirations will come to you in abundance.

As we all know, many a great artist has consciously utilized the "inspiring" effects of alcohol to propell themselves into the uninhibited artistic stupor. This has, tragically, led to severe cases of alcoholism and death. Many similar, and in fact much more productive, states of consciousness are accessible through various methods of mysticism and magick. Perhaps the jinn is not really to be found in the lamp - he has simply been slumbering within you all along, waiting for you to rub your hands hard enough.

Further:

The godforms of Dionysus, Bacchus, or even the ravenous Bacchic Furies may be invoked by means of classical invocation. Be prepared though; the archetype of murderous furies, however artistically passionate, may provide you with more than you bargained for - or perhaps just that. Never underestimate the profound metamorphosis of invocation, for indeed, one day you might just get what you wished for.

Other examples:

- Love, passion, Venus
- Melancholy, darkness, Moon
- Terror, Alchemical transmutation, Saturn

Meditation

Sit comfortably on a chair or on the floor. Keep your back as straight as possible without straining any muscles. Close your eyes and sit completely still and relaxed with your palms on your lap facing upwards or, alternitave, cross your fingers and allow the point of your thumbs to meet. Take a few deep breaths and feel your whole body relaxing with each breath before allowing the breath to return to a normal breathing cycle. Resist any urges to scratch the itching nose or change to a more comfortable postion throughout the session. If shown no attention these noyances will soon fade. Now turn you attention inwards. Notice that your mind is racing with many layers of thoughts and images. Simply observe your thoughts without hopping on the thought-train. Let each individual thought run its course without trying to suppress it or influence it in any way. If you catch yourself riding any of these trains of thought (this will happen often, especially in the beginning), simply recall your former position as passive observer and continue the meditation. With time your mind will become gradually more still - the whirlpool of thought will have calmed into a peaceful pond.

You will still notice the odd frog hopping into the water and creating a few ripples but do not let it bother you - after all, you are in his habitat, and one may learn a lot about water from observing its ripples.

When you feel ready to end the session, simply turn your attention to your body and to the outside world. Ground yourself by observing the weight of your feet and buttocks against the dense material of the material plane and acknowledge the inevitable connection you bear with the ground or floor that you are bound to.

Always try to record your sessions in a notebook or meditation diary. This solidifies the experience more firmly into the memory and connects the experience to your upper consciousness. This will allow you to more thoroughly identify with the experience of abstract formlessness and thoughtlessness within your mundane intellect. The same applies for dreams - for as many have observed - keeping a dream-diary will allow you to remember your dreams much more effectively and much more often. This can not be over-stressed.

Pathworking

A pathworking is a specific kind of structured visualization aimed at opening up some particular psychological or esoteric pathways, or tunnels, within your psyche. The structure of the pathworking often alludes to some kind of initiatory journey through inspiring and mysterious landscapes, and fortified by particular archetypal symbols. The pathworking can be effective through simple visualization in a meditative state, but may be deepened considerably through more advanced methods of dream control (lucid dreaming) and astral projection (out-of-body travel). Nevertheless, it may provide a surprisingly powerful means of opening closed doorways within your archetypal soul archives, and may provide you with tangible direct inspiration for your creative work - then it simply remains for you to transcribe the gnosis received into a tangible format for further work (this tends to be the hard part).



Frekari lesning

- Aleister Crowley - Magick: Book 4
- Asenath Mason - Sol Tenebrarum: The Occult Study of Melancholy
- Carlos Castaneda - Journey to Ixtlan
- Israel Regardie - The Tree of Life
- Jeremy Narby - The Cosmic Serpent
- Mark Alan Smith - The Trident Trilogy
- Rick Strassman - DMT: The Spirit Molecule
- Robert E. Svoboda - Aghora: At the Left Hand of God
- Peter Carroll - Liber Null & Psychonaut
- Peter Grey - Apocalyptic Witchcraft
- Three Initiates - The Kybalion